

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2025/1391**

2026/EES/10/12

frá 15. júlí 2025

**um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1186 að því er varðar styrk metýlevgenóls í  
ilmkjarnaolíu úr kanilberki (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efnið ilmknarnaolíu úr kanilberki úr *Cinnamomum verum* J. Presl var leyft til 10 ára sem föðuraukefni fyrir tiltekna dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1186 <sup>(2)</sup>.
- 2) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1186 er fyrir mistök vísað í leyfðan hámarksstyrk metýlevgenóls í ilmknarnaolíu úr kanilberki með gildi sem nemur „≤ 0,04%“ en samkvæmt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 27. september 2022 <sup>(3)</sup> ætti styrkur metýlevgenóls í ilmknarnaolíu úr kanilberki ekki að fara yfir 0,004%.
- 3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1186 til samræmis við það.
- 4) Til að viðhalda lögmætum væntingum stjórnenda föðurfyrirtækja vegna leyfis, fyrir mistök, fyrir föðuraukefninu ilmknarnaolíu úr kanilberki úr *Cinnamomum verum* J. Presl ætti að veita stutt umbreytingartímabil til að gera þessum stjórnendum kleift að laga sig að leiðréttingunni sem er innleidd með þessari reglugerð.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

**Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1186**

Í færslunni fyrir föðuraukefnið ilmknarnaolíu úr kanilberki, sem er auðkennt sem „2b133-eo“ í þriðja dálki „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ undir fyrirsögninni „Nákvæm skilgreining“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1186 kemur „— Metýlevgenól: ≤ 0,004%“ í stað undirliðarins „— Metýlevgenól: ≤ 0,04%“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/1391, 16.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1186 frá 24. apríl 2024 um leyfi fyrir ilmknarnaolíu úr kanilberki og ilmknarnaolíu úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl sem föðuraukefni fyrir tiltekna dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/1186, 25.4.2024, ELI: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2024/1186/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1186/oj)).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(10), 7601, <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7601>.

2. gr.

#### Umbreytingarráðstafanir

Fóðuraukefnið ilmkjarnaolía úr kanilberki úr *Cinnamomum verum* J. Presl, sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1186, og forblöndur, fõðurblöndur og fõðurefni sem innihalda fõðuraukefnið og eru framleidd og merkt fyrir 5. september 2025 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 5. ágúst 2025 má áfram setja á markað og nota til 5. febrúar 2026.

3. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*